

Ed.

959. Nefndarálit

[255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi fyrir meira en mánuði, en kom fyrst til umræðu í efri deild í dag og þingdeildinni ætlaður þessi eini dagur til afgreiðslu málsins. Í heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur því nálega enginn tími gefizt til athugunar á málinu.

Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í neðri deild, en það ber þó enn merki flausturslegs undirbúnings. Engin sú breyting á gildandi lögum felst í frumvarpinu, sem ekki mætti biða haustsins.

Undirritaðir nefndarmenn fallast á það samróma álit húsnæðismálastjórnar, að fram fari ýtarleg endurskoðun á umræddum lögum, einkum með það í huga að tryggja betur en nú er fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs ríkisins sem aðallánveitanda til íbúðabygginga landsmanna.

Við erum fylgjandi því, að vísitölubinding lána verði afnumin, en teljum, að ákvæði frumvarpsins þar að lútandi þurfi nánari athugunar við, enda kæmi afnám vísitölubindingar ekki til framkvæmda á þessu ári, þar eð lánin eru nú öll gjaldfallin. Með vísun til ofanritaðs leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem einsýnt er, að breytingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru ekki svo aðkallandi, að þær megi ekki biða til næsta hausts, telur Ed. Alþingis rétt, að skipuð verði nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar frá hverjum þingflokki og tilnefndir af þeim. Hafi nefndin það hlutverk að endurskoða lögina um Húsnæðismálastofnun ríkisins, einkum með tilliti til fjárþarfar Byggingarsjóðs, afnáms vísitölubindingar o. fl., og verði endurskoðun lokið í haust.

Tekur því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Fari svo, að dagskrártillaga okkar verði felld, þá flytjum við til vara svo fellda

BREYTINGARTILLÖGU:

6. gr. frv. falli niður.

Alþingi, 19. maí 1972.

Auður Auðuns, Oddur Ólafsson.
frsm.